

Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs Föstudagurinn 8. janúar 2016



VINSTRI GRÆN

3. fundur stjórnar VG settur 16.15 á Hallveigarstöðum.
Una Hildardóttir ritaði fundargerð.

Mætt; Daníel Arnarsson, Hrafnkell Lárusson, Benóný Harðarson, Jakob S. Jónsson, Una Hildardóttir, Katrín Jakobsdóttir, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Ingibjörg Þórðardóttir og Björg Eva Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri. Fh. UVG; Ragnar Auðun Árnason, fh. EVG Þóra Elfa Björnsson, fh. stveitarstjórnarráðs Sóley Björk Stefánsdóttir.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar – lögð fram og samþykkt.

2. Starfsáætlun 2016

Katrín kynnir starfsáætlun 2016, hún samþykkt. Benóný leggur til að hafa lengri tíma á milli smiðja. Jakob leggur til að vekja meiri athygli á starfsemi VG. Gengið frá undirskriftum vegna prófkúru og netbanka.

3. Málefna-smiðjur

Hugmyndir um málefna-smiðjur, s.s. útgjöld í stjórnsýslu, gagnsæji og málefni ferðapjónustunnar. Smiðjur verði opnar öllum. Samþykkt.

4. Málefna-hópar

Katrín fer yfir stöðuna á málefna-hópunum eftir fund hennar og Elínar með hópstjórum. Flestir hafa hug á að starfa áfram sem hópstjórar fram að næsta landsfundi. Hópastarfið verður kynnt betur á næsta flokksráðsfundi.

5. Betri.vg.is

Starfshópur um betri.vg.is kynnir skýrslu sína. Nokkrir eru mjög virkir en því miður eru ekki margir að nýta sér vettvanginn sem stendur. Katrín stingur upp á að setja inn áttakamál og bjóða félagsmönnum að kjósa um þau. Það gæti ýtt undir þátttöku. Jakob telur það vera mikilvægt að fá reglulega pósta um hvað sé að gerast inni á síðunni. Benóný telur það sniðugt að tengja við facebook-hópinn og facebook-síðuna. Una vil fá facebook-tengilið sem minnir á betri.vg.is þegar umræður skapast í facebook hópnum. Bjarkey vill sjá nokkrar tæknilegar breytingar á síðunni til þess að gera hana aðgengilegri. Daníel telur það sniðugt að stjórn komi 3 efstu hugmyndum á síðunni í réttan farveg á næsta fundi. Hópnum er falið að taka saman tæknileg atriði og koma þeim áfram til hönnuða síðunnar. Björg Eva og Daníel halda utan um vinnuna.

6. Stjórnsmálaskóli VG

Katrín talaði við Kolbein Óttarsson Proppé um hugmyndina að stjórnsmálaskóla VG. Hann ætlar að skilpuleggja 4 daga stjórnsmálaskóla og kynna drög að dagskrá hans fyrir stjórn á fundi stjórnar í febrúar. Jakob tekur undir það að hugmyndin sé góð. Hann óskar eftir að VG bjóði upp á stjórnsmálaskóla á sínum vinnustað, þ.e. að kjörnir fulltrúar komi og tali um stefnu og annað. Lagt til að skoða þann möguleika að bjóða upp á vinnustaðafundi sé þess óskað. Björgu Evu falið að setja saman aðgerðahóp vegna þessa. Jakob býðst til þess að vera með í þeim hóp.

7. Flokksráðsfundur

a. Skipulag fundarins

Lagabreytingar fyrri hluta, seinni hluti fer í að önnur mál, t.d stjórnarskránnar, ástandið í alþjóðamálum, stöðu fjölmiðla á Íslandi/heiminum. Fá einhvern utanaðkomandi. Skrifstofa tekur saman hugmyndir. Gagnsæi líklegast fyrir valinu. Skrifstofu í samráði við formann og varaformann falið að ákveða þema og útfæra það.

b. Prentkostnaður

Lagt til að gjald fyrir prentuð fundagögn sé 500 krónur. Samþykkt.

c. Lagabreytingahópur

Hrafnkell kynnir starf hópsins. Umræður. Lagabreytingahóp falið að taka þessar umræður saman og breyta tillögum sínum í samræmi við þær. Breytingartillögur verðar síðan lagðar fyrir stjórn á nýjan leik og sendar flokksráði eftir samþykki stjórnar

8. Önnur mál

a) *Trúnaðarráð*. Daníel leggur til að stofnað verði trúnaðarráð innan VG sem taki á persónulegum vandamálum milli félaga innan hreyfingarinnar. Málum sem snúa að t.d einelti, kynferðislegu áreiti, kynþáttafordómum og svo framvegis. Lagt til að framkvæmdastjóri fari yfir þessi mál og skoði mögulega úrfærslu á slíku fyrir næsta stjórnarfund.

b) *Opna fjárhagsáætlun*. Björg Eva og Daníel leggja til að stjórn kaupi svokallað ferðafrelsi hjá Flugfélagi Íslands fyrir þá stjórnarmeðlimi sem búa á landsbyggðinni. Gjaldkeri og framkvæmdarstjóri taka að sér að endurskoða fjárhagsáætlun. Björg Eva kannar hvort hagstætt sé að kaupa flugfrelsi fyrir stjórnarmenn.

c) *Styrktarmannakerfi*. Gjaldkeri vakti athygli á styrktarmannakerfi VG og hvatti þá stjórnarmenn sem ekki hafa skráð sig þar að gera það hið fyrsta.

d) *Formenn svæðisfélaga*. Hrafnkell leggur til að fulltrúar stjórnar fundi með formönnum svæðisfélaga í tengslum við næsta flokksráðsfund. Björn Valur taki að sér þann fund fyrir hönd stjórnar. Þar verði m.a rætt hvaða leiðir formenn svæðisfélaga vilji fara til að efla starfsemi félaganna í aðdraganda komandi alþingiskosninga.

e) *RÚV*. Björg Eva heldur leggur til fund um stöðu málefna RÚV, m.a með hollvinum RÚV. Samþykkt.

Næsti fundur stjórnar verður föstudaginn 5. febrúar kl. 15.00.

Fundi slitið kl. 18.35.